

Skútustaðahreppur
Hlíðavegi 6
660 Mývatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 30. mars 2017
UST201701-291/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag Vogar 1, breyting í grenndarkynningu

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 27. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að óverulegri breytingu á nýsamþykktu deiliskipulagi Voga 1.

Breyting


Ofangreindar óverulegar breytingar felast í því að byggingarreit nýs anddyris austan við Vogafjós er hliðrað til norðurs og leyfileg hámarkshæð viðbyggingar er hækkuð úr 4,0 m í 4,53m. Einnig er byggingarreit starfsmannahúss Þ1 snúið til að aðlaga það betur að landi og leyfilegt byggingarmagn á reit þess aukið úr 200 m² í 250 m².


Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreindar breytingar.

Í Vogum er starfrækt ferðaþjónusta. Stofnunin minnir á að samkvæmt 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ, og sbr. breytingarreglugerð nr. 450/2009, sem settar eru með stoð í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir koma fram reglur um hreinsun skólþs og viðmiðunarmörk í fráveitum og viðtaka. Sama krafa er sett fram í 1. mgr. 24. gr. reglugerðar nr. 665/2012, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu og skal því hreinsa skólþ á svæðinu með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa.

Ofangreind reglugerð gildir um söfnun, hreinsun og losun skólþs frá þéttbýli og tiltekinni atvinnustarfsemi og um atvinnurekstur. Umhverfisstofnun bendir á að sækja skal um starfsleyfi fráveitu til heilbrigðiseftirlits norðurlands eystra.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Abalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri